

UFR 1999:581 H
UFR 1999:1337 H
UFR 2000:H
UFR 2002:1269 H

Álit umboðsmanns Alþingis

UA 27. nóvember 1992 í máli nr. 436/1991 (SUA 1992, bls. 111)
UA 4. janúar 1996 í máli nr. 1163/1994
UA 10. október 1996 í máli nr. 1702/1996
UA 3. febrúar 1998 í máli nr. 1986/1996
UA 27. febrúar 1998 í máli nr. 2036/1997
UA 11. júní 1999 í máli nr. 1767/1996
UA 21. júlí 1999 í máli nr. 2458/1998
UA 26. júlí 1999 í máli nr. 2475/1999
UA 18. nóvember 1999 í máli nr. 2680/1999
UA 29. desember 1999 í máli nr. 2679/1999
UA 16. mars 2000 í máli nr. 2512/1998
UA 8. júní 2000 í máli nr. 2807/1999
UA 15. desember 2000 í máli nr. 2778/1999
UA 31. janúar 2001 í máli nr. 2862/1999
UA 27. febrúar 2001 í máli nr. 2877/1999
UA 23. maí 2001 í máli nr. 2970/2000
UA 11. mars 2002 í máli nr. 3306/2001
UA 6. maí 2002 í máli nr. 3232/2001

Álit umboðsmanns danska Þjóðþingsins

FOB 1972:40
FOB 1973:83
FOB 1974:311
FOB 1975:202
FOB 1975:494
FOB 1976:206
FOB 1977:658
FOB 1978:169
FOB 1980:294
FOB 1982:151
FOB 1983:21
FOB 1984:139
FOB 1986:60
FOB 1987:59
FOB 1990:339 (361, 378, 411)

Tjáningarfrelsið og bann við útbreiðslu kynþáttafordóma



Björg Thorarensen, LL.M.,
prófessor við lagadeild Háskóla Íslands.

Efnisyfirlit:

1. Inngangur
 2. Almenn sjónarmið um takmarkanir á tjáningarfrelsi og röksemdir fyrir banni á tjáningu kynþáttafordóma
 - 2.1. Skilyrði takmarkana á tjáningarfrelsi samkvæmt 3. mgr. 73. gr. stjkskr.
 - 2.2. Sérstakar lögæltar takmarkanir á því að tjá kynþáttafordóma opinberlega
 - 2.3. Bann við misnotkun réttinda í því skyni að eyða öðrum réttindum
 3. Ákvæði alþjóðlegra mannréttindasamninga sem takmarka útbreiðslu kynþáttafordóma
 - 3.1. Alþjóðasamningur um borgaraleg og stjórnmalaleg réttindi
 - 3.2. Alþjóðasamningur um afnám alls kynþáttamisréttis
 - 3.3. Nýlegar aðgerðir á vettvangi Evrópusambandsins
 4. Breytingar á norrænni refsilöggjöf vegna aðildar að alþjóðasamningi um afnám alls kynþáttamisréttis
 5. Dómar í refsimálum vegna tjáningar á kynþáttafordómum og kynþáttahatri
 - 5.1. Dómur Hæstaréttar Noregs frá 28. nóvember 1997 (mál nr. 14/1997)
 - 5.2. Dómur Hæstaréttar Danmerkur frá 23. ágúst 2000 (mál nr. 445/1999)
 - 5.3. Dómur Hæstaréttar Íslands frá 24. apríl 2002 (mál nr. 461/2001)
 - 5.4. Áhrif samhengis, edlis og grófleika ummæla
 6. Ábyrgð fjölmiðla á útbreiðslu hugmynda sem lýsa kynþáttafordómum
 - 6.1. Sjónarmið um sérstöðu fjölmiðla varðandi tjáningarfrelsi og hlutverk þeirra í lýðræðisþjóðfélagi
 - 6.2. Dómur Mannréttindadómstóls Evrópu í máli Jersild gegn Danmörku
 7. Lokaorð
- Heimildir

Þessi grein hefur verið lesin yfir og samþykkt af ritrýningnefnd Úlfjóts.

1. Inngangur

Eitt ótvíræðasta einkenni hvers lýðræðisþjóðfélags er að menn geti tjáð skoðanir sínar frjálst og óhindrað, einkum í stjórnmálaumræðu eða málum sem líta að þjóðfélagslegum hagsmunum. Það er því ekki að ófyrirsynju sem tjáningarfrelsið, sem verndað er af 73. gr. stjórnarskrárinnar, hefur verið talið til þeirra mannréttinda sem mynda hornstein hvers lýðræðisríkis, enda eru ekki aðeins fólgin í því mikilvæg réttindi þegnanna heldur einnig verulegir þjóðfélagslegir hagsmunir af því að viðhalda lýðræðislegu skipulagi. Þó eru fá réttindi jafn margvíslegum takmörkunum háð og tjáningarfrelsið. Algengast er að takmarkanir á tjáningarfrelsi réttlætist af réttindum annarra. Einnig verður að líta til þess að á sama tíma og tjáningarfrelsið er nauðsynleg forsenda lýðræðisþjóðfélags getur það snúist upp í andhverfu sína og leitt til þess að grafið sé undan lýðræðislegum stöðum þjóðfélagsins. Slíkar aðstæður geta til dæmis skapast ef látinn er óáreittur hatursfullur áróður á opinberum vettvangi í garð ákveðinna þjóðfélagshópa sem kyndir undir fordómum og hvetur til mismununar í þjóðfélaginu. Með því er ekki einvörðungu brotið gegn friðhelgi einkalífs þeirra sem tilheyra hópnum heldur getur þjóðfélagslegu hagsmununum, lýðræðisskipulaginu sjálfu sem byggir á jafnræði þegnanna, einnig verið stefnt í hættu.

Í grein þessari verður fjallað um bann við því að menn tjái opinberlega skoðanir sínar sem lýsa kynþáttahatri og kynþáttafordómum og hvernig það samrýmist grundvallarreglunni um vernd tjáningarfrelsis í lýðræðisþjóðfélagi. Fyrrgreint bann má leiða af 233. gr. a. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 sem leggur refsingu við því að ráðast opinberlega með háði, rögi eða smánum á hóp manna vegna þjóðernis þeirra, litarháttar, kynþáttar, trúarbragða eða kynhneigðar. Hér á eftir verður lýst forsögu þessa lagaákvæðis, sjónarmiðum sem liggja því til grundvallar og uppruna þess sem rekja má til alþjóðlegra skuldbindinga um afnám kynþáttamisréttis. Í nýlegum dómi Hæstaréttar í máli nr. 461/2000 frá 24. apríl 2002 reyndi í fyrsta skipti hér á landi á beitingu 233. gr. a. alm. hgl. í refsímáli og var maður sakfelldur fyrir brot á ákvæðinu. Verður dómur þessi reifaður og skoðaður í ljósi dómsúrlausna frá Norðurlöndum um sambærileg refsiakvæði svo og nokkurra dóma Mannréttindadómstóls Evrópu um tjáningarfrelsi. Vikið verður að sérstökum sjónarmiðum um ábyrgð og skyldur fjölmíðla varðandi opinbera birtingu og dreifingu á skoðunum sem lýsa kynþáttafordómum. Með *útbreiðslu* kynþáttafordóma í umfjöllun þessari er því átt við aðferðir við að koma opinberlega á framfæri slíkum skoðunum, hvort heldur með beinni tjáningu á eigin skoðunum í máli, myndum eða athöfnum eða miðlun og dreifingu slíkra skoðana. Verður sjónum þó sérstaklega beint að mæltu og rituðu máli, sem felur í sér kynþáttafordóma, frekar en að öðrum tjáningarformum.

2. Almenn sjónarmið um takmarkanir á tjáningarfrelsi og röksemdir fyrir banni á tjáningu kynþáttafordóma

2.1. Skilyrði takmarkana á tjáningarfrelsi samkvæmt 3. mgr. 73. gr. stjkskr.

Allir eru frjálssir skoðana sinna og sannfæringar samkvæmt 1. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar. Samkvæmt 2. mgr. sama ákvæðis á hver maður rétt á að láta í ljós hugsanir sínar, en ábyrgjast verður hann þær fyrir dómi. Um skilyrði þess að maður verði dreginn til slíkrar ábyrgðar er nánar fjallað í 3. mgr. 73. gr. Einkenni þessara takmarkana er að þær eru settar fram með almennum hætti í stað þess að tilgreina bann við tjáningu tiltekinna skoðana. Byggt er á því að takmörkun verði að uppfylla þrenns konar skilyrði. Í fyrsta lagi að hún sé lögmælt, í öðru lagi að hún stefni að réttmætu markmiði, þ.e. einhverju þeirra markmiða sem talin eru í ákvæðinu og í þriðja lagi að takmörkunin sé nauðsynleg og samræmist lýðræðishefðum.¹

Með stjksl. nr. 97/1995 voru margvíslegar breytingar gerðar á prentfrelsisákvæði eldri 72. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944. Vernd tjáningarfrelsis var þannig rýmkuð verulega og færð til samræmis við ákvæði alþjóðlegra mannréttindasamninga auk þess sem skýrar var kveðið á um heimilar takmarkanir á tjáningarfrelsinu.² Uppbygging og efni 3. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar um takmarkanir á tjáningarfrelsinu sækja nú að miklu leyti fyrirmynd sína til 2. mgr. 10. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994 (MSE), svo og til 3. mgr. 19. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi frá 1966. Verður 3. mgr. því skýrð í ljósi þessara alþjóðlegra samningsskuldbindinga.

Ákvæðið í 3. mgr. verður ekki eitt út af fyrir sig notað sem grundvöllur takmörkunar á tjáningarfrelsinu. Þar eru hins vegar sett almenn skilyrði fyrir því að unnt verði að draga mann til ábyrgðar fyrir að hafa farið út fyrir leyfileg mörk tjáningarfrelsisins. Ekki er fátítt að reyni á álitafni um hvar þessi mörk liggja í dómsmálum hér á landi. Frá því hið nýja stjórnarskrárákvæði var sett hafa gengið nokkrir stefnumarkandi dómur um túlkun 3. mgr. 73. gr. og má draga af þeim ýmsar ályktanir um hvernig dómstólar beita ákvæðinu.³ Sjaldan leikur vafi á því hvort lagaheimild skorti fyrir takmörkun á tjáningarfrelsinu eða hvort markmiðið sem takmörkun stefnir að sé réttmætt. Helsta álitafnið í málum um takmörkun á tjáningarfrelsinu er einnig hvort slík takmörkun samrýmist lýðræðishefðum og þá sérstaklega í tilvikum þar sem takmörkun stefnir að því að vernda réttindi eða mannorð annarra. Í dómaframkvæmd Mannréttindadómstóls Evrópu um túlkun 2. mgr. 10. gr. og beitingu íslenskra dómstóla á

¹ Gunnar G. Schram, Stjórnskipunarréttur, bls. 580.

² Alþt. 1994-95, A-deild, bls. 2105.

³ Má til dæmis nefna í þessu sambandi H 1997/3618 (ummæli blaðamanns um fangelsismálastjóra), H 1999/857 (vernd tjáningarfrelsis ævisöguritarar), H 1999/781 (bann við áfengisauglýsingum) og dóm Hæstaréttar frá 21. mars 2002 í máli nr. 306/2001 (tjáningarfrelsi lögmans).

3. mgr. 73. gr. hefur ítrekað verið slegið föstu að í opinberri stjórn málaumræðu svo og öðrum skoðanaskiptum á opinberum vettvangi, sem varða þjóðfélagslega hagsmuni, þurfi menn að þola harkalegri ummæli en ella, sem jafnvel lúta að persónu þeirra eða æru. Almenn er litill svo á að sérstaklega ríkar ástæður þurfi að koma til svo takmarka megi opinbera umræðu á þessu sviði. Það sama gildir varðandi heimildir til þess að gagnrýna ríkisstjórn og sitjandi valdhafa í þjóðfélaginu.⁴

2.2. Sérstakar lögmæltar takmarkanir á því að tjá kynþáttafordóma opinberlega

Mælt er fyrir um sérstakar takmarkanir á því að tjá fordóma í garð hóps manna vegna þjóðernis þeirra, litarháttar, kynþátta, trúarbragða eða kynhneigðar í 233. gr. a. alm. hgl. nr. 19/1940, sem áður segir. Hefur slík takmörkun verið réttlætt með vísan til þess markmiðs að vernda þurfi réttindi þeirra sem tilheyra slíkum hópum, eins og sjá má af því að ákvæðið er í þeim kafla laganna sem fjallar um ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs. Fordómar, kynþáttahatur eða útlendingahatur eru ekki nefnd sérstaklega í ákvæðinu, enda hafa þessi orð ekki sérstaka merkingu hér á landi sem lagaleg hugtök og skilgreining þeirra ekki einhlít. Þó má draga þá ályktun af verknáðarlýsingu 233. gr. a að ákvæðinu sé einkum beint gegn þeirri háttsemi manna að tjá opinberlega það sem í almennri málvenju kallast fordómar, enda felst verknáðurinn í því að hæða, rægja, smána eða ógna manni eða hópi manna vegna litarháttar þeirra, þjóðernis o.s.frv. Er í reynd gengið út frá því sem staðreynd að niðrandi athugasemdir á opinberum vettvangi um menn eða hóp manna, sem tengjast þeim persónulegu einkennum sem talin eru í ákvæðinu, hljóti að fela í sér brot á friðhelgi einkalífs þeirra. Árásin felst því fyrst og fremst í orðræðu eða annarri tjáningu sem ætlað er að hafa þessi áhrif. Er það einnig í samræmi við markmið ákvæðisins í ljósi alþjóðlegra samningsákvæða sem voru hvatinu að setningu 233. gr. a og nánar verða rakin hér á eftir. Með hliðsjón af þessu verður því hugtakið *kynþáttafordómar* notað í grein þessari sem samheiti til að lýsa eðli þeirra skoðana sem refsivert er að breiða út opinberlega samkvæmt 233. gr. a. alm. hgl. og þar með talið hatursfullum skoðunum.

Hins vegar er ljóst að 233. gr. a. getur ekki takmarkað rétt manns til þess að hafa fordómafullar skoðanir í garð annarra kynþátta, heldur er refsinaemið bundið við að maður komi slíkum skoðunum opinberlega á framfæri.

4 Meðal stefnumarkandi ákvarðana Mannréttindadómstóls Evrópu um þetta atriði má nefna dóma í málum *Lingens gegn Austurríki* frá 8. júlí 1986, Series A 103, *Barfoð gegn Danmörku* frá 22. febrúar 1989, Series A-149, *Oberschlick gegn Austurríki(1)* frá 23. maí 1991, Series A 204, *Þorgeir Þorgeirsson gegn Íslandi* frá 25. júní 1992, Series A 239 og *Oberschlick gegn Austurríki(2)* frá 1. júlí 1997, Reports 1997-IV. Sjá einnig nýlegan dóm: *Unabhängige Initiative Informationvielfalt gegn Austurríki* frá 26. febrúar 2002. Fyrir gildistöku núgildandi tjáningarfrelsisákvæðis í 73. gr. stjkskr. höfðu dómstólar túlkað prentfrelsisákvæðið í 72. gr. stjkskr. með svipuðum hætti, sbr. t.d. H 1977/375 og fleiri dóma í málum sem vörðudu „Varið land“.

Hafa ber í huga að takmarkanir á því að hvetja opinberlega til brota, t.d. ofbeldisbrota gegn hópi manna á grundvelli litarháttar eða kynþátta, er hægt að réttlæta með vísan til allsherjarreglu samkvæmt 3. mgr. 73. gr. stjkskr. Slík hvatning til að drygja refsiverða háttsemi telst sjálfstætt brot samkvæmt 1. mgr. 121. gr. alm. hgl.

2.3. Bann við misnotkun réttinda í því skyni að eyða öðrum réttindum

Þegar rætt er um takmarkanir á tjáningarfrelsi ber loks að líta til þess að í 17. gr. MSE er sérstakur varnagli sleginn við því að einstaklingar, samtök eða ríki noti frelsi og réttindi þau, sem vernduð eru í samningnum, til þess að eyða öðrum réttindum eða frelsi sem þar er lýst. Sambærilegt ákvæði er í 5. gr. samningsins um borgaraleg og stjórnmalaleg réttindi.

Fyrirgreint ákvæði í 17. gr. MSE hefur komið til skoðunar hjá Mannréttindanefnd Evrópu í tengslum við takmarkanir á félagastarfsemi, sem stefnir að því að vinna gegn lýðræðinu, til dæmis starfsemi öfgasinnaðra stjórnmalahreyfinga sem stefna að alræðisskipulagi. Eftir lok kalda stríðsins hefur ákvæðið einkum þýðingu í tengslum við öfgasinnaða stjórnmalastarfsemi eða samtök sem hafa kynþátta- eða útlendingahatur að yfirlýstu markmiði.⁵ Með vísan til þessa ákvæðis er einnig ljóst að menn geta ekki haldið því fram að réttur þeirra til að tjá kynþáttafordóma eða viðhafa hatursfulla umræðu í garð hópa útlendinga eða manna af tilteknum litarhætti gangi framur réttindum þeirra sem tilheyra slíkum hópum.

Hefur 17. gr. verið beitt af varfærni hjá Mannréttindanefndinni og Mannréttindadómstólum í Strasbourg. Virðist ákvæðið helst koma til álita sem þrautaúrræði sem veitir ríkari heimildir til takmörkunar en ákvæði 2. mgr. 10. gr. MSE.⁶ Aðeins í örfáum málum hefur 17. gr. verið lögð til grundvallar niðurstöðu. Mannréttindanefnd Evrópu hefur komist að þeirri niðurstöðu að eigi háttsemi undir 17. gr. MSE þá falli hún ekki undir gildissvið og vernd annarra ákvæða sáttmálans. Því reyni ekki á mat á því hvort skilyrði fyrir takmörkunum á réttindum séu uppfyllt. Í máli *Glimmerveen og Hagenbeek gegn Hollandi* kom til úrlausnar nefndarinnar kæra á hendur hollenska ríkinu fyrir brot á 10. gr. sáttmálans. Annar kærendanna var forsvarsmáður þjóðernissinnaðs stjórnmalaflokks í Hollandi og hafði verið dæmdur til refsingar fyrir að gefa út kosningabæklinga til opinberrar dreifingar, þar sem hvatt var til kynþáttamisréttis og kynþáttafordóma. Var þar lýst markmiðum flokksins að halda Hollandi „hvítu“, berjast gegn blöndun kynþátta og reka úr landi innflytjendur frá ákveðnum ríkjum. Taldi Mannréttindanefndin, m.a. með vísan til 14. gr.

5 D.J. Harris, M.O'Boyle og C. Warbrick: Law of the European Convention on Human Rights, bls. 510.

6 D.J. Harris, M.O'Boyle og C. Warbrick: Law of the European Convention on Human Rights, bls. 374. Sbr. einnig F.G. Jacobs og R.C.A. White: The European Convention on Human Rights, bls. 310.

sáttmálans um bann við mismunun og 3. gr. 4. viðauka um bann við brottvísun eigin borgara, að kærandi reyndi að nota vernd tjáningarfrelsis samkvæmt 10. gr. sáttmálans til þess að taka þátt í háttsemi sem væri andstæð texta sáttmálans og anda. Yrði fallist á þennan rétt hans samkvæmt 10. gr. myndi það eyða fyrrgreindum réttindum annarra. Af þeirri ástæðu var ekki fallist á að hann gæti vísað til 10. gr. sáttmálans um vernd vegna slíkrar háttsemi.⁷ Í máli *Kühnen gegn Þýskalandi* var einnig fjallað um kæru um brot á 10. gr. vegna refsingar sem kærandi hlaut fyrir dreifingu bæklinga sem hvöttu til stuðnings við nýnásisma, kynþáttafordóma og útlendingahatur. Í þessu tilviki var 17. gr. notuð til að styrkja frekar röksemdir fyrir takmörkunum samkvæmt 2. mgr. 10. gr. sáttmálans. Í ljósi 17. gr. féllst nefndin þannig á að takmörkunin, sem var í senn talin vera í þágu þjóðaröryggis, almannaheilla og réttinda annarra, væri nauðsynleg í lýðræðisþjóðfélagi samkvæmt 2. mgr. 10. gr. sáttmálans.⁸

Draga má þá ályktun af síðari ákvörðun Mannréttindanefndarinnar og nýlegum dómum Mannréttindadómstólsins að takmörkun á tjáningu tiltekinnna skoðana á opinberum vettvangi verði réttlætt með vísan til 2. mgr. 10. gr. MSE með hliðsjón af markmiði 17. gr. Er hér einkum átt við yfirlýsingar gefnar af ásetningi sem lýsa kynþáttahatri, skoðanir sem lýsa stuðningi við hugmyndafræði nasista og skoðanir sem stefna að því að afneita stríðsglæpum, svo sem helförinni gagnvart gyðingum í síðari heimsstyrjöldinni.⁹

3. Ákvæði alþjóðlegra mannréttindasamninga sem takmarka útbreiðslu kynþáttafordóma

Á alþjóðlegum vettvangi hefur verið gripið til margvíslegra aðgerða, meðal annars með samningum, til þess að afnema kynþáttamisrétti og vinna gegn kynþáttafordómum og útlendingahatri. Þrátt fyrir það er uppgangur ófga-sinnaðra félagasamtaka og stjórnmálahreyinga, sem kynda undir útlendinga- og kynþáttahatri, áhyggjuefni í vestrænum lýðræðisríkjum. Í Mannréttinda-sáttmála Evrópu eru ekki ákvæði sem tilgreina sérstaklega bann við að breiða út fordómfullar skoðanir í garð útlendinga eða kynþáttahópa. Slíkar takmarkanir má þó leiða af almennum reglum um takmörkun tjáningarfrelsis, sbr. 2. mgr. 10. gr. og 17. gr. sáttmálans, sem áður hefur verið lýst, svo og 14. gr. samningsins um bann við mismunun. Á vettvangi Sameinuðu þjóðanna voru tekin fyrstu skrefin í alþjóðlegri samningsgerð um afnám kynþáttamisréttis sem lögðu grunninn að alþjóðlegri samvinnu á þessu sviði og verður þeim nú nánar lýst.

7 Álit Mannréttindanefndar Evrópu frá 11. október 1979 í málinu *Glimmerveen og Hagenback gegn Hollandi*, mál nr. 8406/78, DR 18, bls. 187.

8 Álit Mannréttindanefndar Evrópu frá 12. maí 1988 í málinu *Kühnen gegn Þýskalandi*, mál nr. 12194/86, DR 56, bls. 205.

9 A. Mowbray: *Cases and Materials on the European Convention on Human Rights*, bls. 472. Nefna má í þessu sambandi dóma Mannréttindadómstólsins í málum *Jersild gegn Danmörku* frá 23. september 1994, Series A 298 (sbr. síðari reifun á þeim dómi) og *Lehideux og Isorni gegn Frakklandi* frá 23. september 1998, Reports 1998-III. Sjá einnig úrlausn mannréttindanefndarinnar sem starfar samkvæmt samningnum um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi í máli nr. 550/1993, frá 16. desember 1996, þar sem fjallað var um franska lögjöf sem lýsti opinberri afneitun á helförinni refsiverða.

3.1 Alþjóðasamningur um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi

Í öðrum meginmannréttindasamningi Sameinuðu þjóðanna, alþjóðasamningi um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi frá 19. desember 1966, eru almennar reglur um vernd skoðana- og tjáningarfrelsis í 19. gr.¹⁰ Almennum heimildum til takmarkana á tjáningarfrelsinu er lýst í 3. mgr. ákvæðisins. Sérstakt ákvæði um takmarkanir á tjáningarfrelsinu er hins vegar í 20. gr. samningsins sem er svohljóðandi:

1. Allur stríðsáróður skal bannaður með lögum.
2. Allur málfutningur til stuðnings haturs af þjóðernis-, kynþáttar- eða trúarbragðalegum toga spunnið sem felur í sér hvatningu um mismunun, fjandskap eða ofbeldi skal bannaður með lögum.

Ákvæðið leggur þær fortakslausu skyldur á aðildarríki að banna með lögum málfutning af því tagi sem þar er tilgreindur. Við samningsgerðina voru skiptar skoðanir um það hvort ákvæðið gengi of langt til takmörkunar á tjáningarfrelsinu, einkum 1. mgr. þess sem kveður á um bann við öllum stríðsáróðri, án nánari skilgreiningar á því hvað felst í hugtakinu. Andstæðingar ákvæðisins töldu ákvæðið of opið og óljóst og hægt yrði að beita því sem afsökun stjórnvalda til þess að koma á ritskoðun.¹¹ Leiddi þetta til þess að nokkur fjöldi ríkja, þar með talið Ísland og önnur Norðurlönd, gerðu fyrirvara við 1. mgr. 20. gr. um bann við stríðsáróðri þar sem slíkt ákvæði gæti skert tjáningarfrelsi. Enginn slíkur fyrirvari var gerður af hálfu Norðurlandanna við 2. mgr. 20. gr., enda var á sama tíma nýlokið við gerð annars samnings á vegum Sameinuðu þjóðanna með mun víðtækari skyldur á þessu sviði, alþjóðasamnings um afnám alls kynþáttamisréttis.

3.2 Alþjóðasamningur um afnám alls kynþáttamisréttis

Sameinuðu þjóðirnar hafa um langt skeið unnið að sértækum aðgerðum í baráttu gegn kynþáttahatri. Var eitt fyrsta skrefið á þessu sviði stigið með yfirlýsingu Allsherjarpings Sameinuðu þjóðanna um afnám alls kynþáttamisréttis frá 20. nóvember 1963. Þar náðist sá áfangi að setja fram heildstæða stefnu aðildarríkjanna um aðgerðir til þess að afnema kynþáttamisrétti. Var sú stefna síðan nánar útfærð í alþjóðasamningi um afnám alls kynþáttamisréttis frá 21. desember 1965.¹² Samningurinn hefur það markmið að berjast gegn og afnema kynþáttamisrétti í hverri mynd sem það birtist og eru aðildarríki að honum

10 Ísland er í hópi 147 aðildarríkja að samningnum, sbr. C-deild Stjórnartíðinda nr. 10/1979. Texti hans er birtur í Lagasafni 1999, bls. 25.

11 D. McGoldrick: *The Human Rights Committee*, bls. 480. Í almennu áliði mannréttindanefndarinnar (General Comment 11) frá 29. júlí 1983 um túlkun 20. gr. er ekki reynt að skilgreina frekar inntak hugtaksins „stríðsáróður“ og er það enn undeiðt. Álit nefndarinnar eru birt á heimasíðu Mannréttindafulltrúa Sameinuðu þjóðanna: www.unhcr.ch/tbs/doc.nsf. Sjá einnig S. Joseph, J. Schultz og M. Castan: *The International Covenant on Civil and Political Rights*, bls. 410.

12 A.H. Robertsson og J.G. Merrills: *Human Rights in the World*, bls. 97.

skuldbundin til að grípa til raunhæfra aðgerða til að ná því markmiði.¹³

Hér er ekki ráðrúm til þess að rekja nánar efni samningsins að öðru leyti en því sem varðar sérstaklega takmarkanir sem hann leggur við tjáningarfrelsinu, en auk þeirra verður getið takmarkana sem þar eru lagðar við starfrækslu félaga og samtaka sem stuðla að kynþáttamisrétti. Meginákvæði samningsins um þetta efni er í 4. gr. hans og er hún svohljóðandi:

Aðildarríki fordæma allan áróður og öll samtök sem byggja á hugmyndum eða kenningum um yfirburði eins kynþáttar eða hóps manna af ákveðnum litarhætti eða þjóðlegum uppruna, eða sem reyna að réttlæta eða hvetja til kynþáttahatus og misréttis í hvers konar mynd, og skuldbinda sig til að gera skjótar og jákvæðar ráðstafanir til þess að uppræta alla hvatningu til eða aðgerðir vegna slíks misréttis með tilliti til meginreglna mannréttindayfirlýsingarinnar og réttindanna sem eru talin í 5. gr. þessa samnings, meðal annars að:

(a) Gera refsiverða með lögum alla útbreiðslu á hugmyndum sem eru byggðar á kynþáttayfirburðum eða óvild, hvatningu til kynþáttamisréttis svo og öil ofbeldisverk eða hvatningu til slíkra verka gegn hvaða kynþætti sem er eða hópi manna af öðrum litarhætti eða þjóðlegum uppruna og einnig allar ráðstafanir til aðstoðar aðgerðum kynþáttahata, þar með talda fjármögnun.

(b) Lýsa ólögleg og banna samtök og einnig skipulagða og alla aðra áróðursstarfsemi sem stuðlar að og hvetur til kynþáttamisréttis og skal gera þátttöku í slíkum samtökum eða starfsemi refsiverða með lögum.

(c) Banna stjórnvöldum og opinberum stofnunum að stuðla að og hvetja til kynþáttamisréttis.

Ekki fer á milli mála að þetta ákvæði gengur samkvæmt orðanna hljóðan mun lengra í takmörkunum á tjáningarfrelsinu en 2. mgr. 20. gr. samningsins um borgaraleg og stjórnmalaleg réttindi, enda fjallar það ekki aðeins um bann við tjáningu hugmynda sem fela í sér hatursfull ummæli eða hvatningu um fjandskap eða ofbeldi. Það tekur einnig til hugmynda og skoðana sem byggja á kenningum um yfirburði eins kynþáttar fram yfir annan. Þar að auki má álykta að bannið sé mun víðtækara varðandi aðferðir við tjáningu, því það nær ekki aðeins til málflytninga heldur kveður á um bann við útbreiðslu (dissemination) hugmynda.

Það kemur því ekki á óvart að efni 4. gr. samningsins var umdeilt meðan á samningsgerðinni stóð og töldu margir að hér væri of harkalega vegið að tjáningarfrelsinu. Voru Norðurlöndin meðal þeirra ríkja sem vildu fara hægar í

13 Ísland er í hópi 161 aðildarríkja að samningnum. Samningurinn var birtur í C-deild Stjórnartíðinda 14/1968, en kom fyrst út í íslenskri þýðingu árið 1995. Hann er nú birtur í Lagasafninu 1999, bls. 21.

sakirnar.¹⁴ Þrátt fyrir það voru ekki gerðir sérstakir fyrirvarar vegna ákvæðisins, en refsilöggjöf var breytt til þess að uppfylla skyldur varðandi takmarkanir á tjáningarfrelsi, eins og nánar verður rakið hér á eftir. Þó ber að hafa í huga að í niðurlagi 1. mgr. 4. gr. samningsins er vísað til þess að tillit skuli tekið til meginreglna mannréttindayfirlýsingarinnar og réttindanna sem talin eru í 5. gr. samningsins. Í 5. gr. samningsins eru talin upp öll helstu mannréttindi sem ríkjum ber að tryggja öllum jafnt, þar með talin skoðana- og tjáningarfrelsi og félagafrelsi. Með vísan til þessara orða hefur verið litið svo á að ekki megi ganga of langt í skerðingu tjáningarfrelsis, eins og nánar verður reifað hér síðar. Inntak skyldna aðildarríkja samkvæmt 4. gr. samningsins hefur verið skýrt nánar í álitum nefndar um afnám kynþáttamisréttis sem starfar samkvæmt samningnum.¹⁵ Er þar meðal annars hnykk á skyldum samningsaðila til þess að grípa til sérstakra aðgerða til að berjast gegn allri hvatningu til misréttis og setja lagaákvæði sem lýsa ólögleg og banna samtök sem stuðla að og hvetja til kynþáttamisréttis og gera þátttöku í slíkum samtökum eða starfsemi refsiverða með lögum, sbr. b-lið 4. gr. samningsins. Þótt flest aðildarríki að samningnum hafi með lögum gert refsiverðan opinberan málflytning sem hvetur til kynþáttamisréttis og kynþáttahatus, samkvæmt a-lið 4. gr., virðist víða skorta á að refsíákvæði hafi verið sett vegna starfrækslu eða þátttöku í félögum sem hafa það markmið að stuðla að kynþáttaförðum.¹⁶

Segja má að 4. gr. samningsins um afnám alls kynþáttamisréttis sé eitt helsta kjarnaákvæði hans og hefur vægi þess aukist á síðustu árum samhliða vaxandi kynþátta- og útlendingahatri í ríkjum Evrópu og stofnun stjórnmalahreyfinga og samtaka sem endurspeglar slíkar skoðanir.¹⁷ Þótt lagalegt jafnrétti sé nú víðast hvar tryggt í vestrænum ríkjum, reynir í auknum mæli á jákvæðar skyldur

14 L.A. Rehof og T. Trier: Menneskeret, bls. 423. Áhyggjur Evrópuríkja vegna takmörkunar á tjáningar- og félagafrelsi birtust m.a. í ályktun ráðherranefndar Evrópuráðsins nr. 68 (30) frá 31. október 1968 um aðgerðir gegn hvatningu til kynþátta-, þjóðernis- og trúarbragðahatus. Þar voru aðildarríki Evrópuráðsins hvött til þess að fullgilda samninginn um afnám alls kynþáttamisréttis, en lýsa því samhlíða yfir að virt yrðu réttindi samkvæmt Mannréttindayfirlýsingu SP og Mannréttindasáttmála Evrópu. Með þessu er einkum skírskotað til ákvæða um tjáningarfrelsi og félagafrelsi.

15 Álit nefndar um afnám kynþáttamisréttis nr. 7 frá 23. ágúst 1985 (Legislation to eradicate racial discrimination (Art.4)) og álit nr. 15 frá 23. mars 1993 (Organized violence based on ethnic origin (Art.4)). Álitin eru birt á heimasíðu Mannréttindafulltrúa SP: www.unhcr.ch/tbs/doc.nsf.

16 Kevin Boyle og Anneliese Baldaccini: A Critical Evaluation of International Human Rights Approaches to Racism, bls. 160. Þess má geta að í lokaathugasemdom nefndar um afnám kynþáttamisréttis um framkvæmd samningsins á Íslandi frá 27. apríl 2001 beindi hún þeim tilmælum til íslenska ríkisins að ranusakað verði hvort hér á landi séu starfandi félagasamtök sem hvetja til kynþáttamismununar og gerðar ráðstafanir samkvæmt 233. gr. a. og 74. gr. stjórnarskrárinnar til að framfylgja ákvæðum 4. gr. samningsins. Sjá skjal CERD/C/304/Add.111, sem birt er á heimasíðu Mannréttindafulltrúa SP: www.unhcr.ch/tbs/doc.nsf. og íslenska þýðingu á heimasíðu dómsmálaráðuneytisins: www.domsmlaraduneyti.is.

17 S. Joseph, J. Schultz og M. Castan: The International Covenant on Civil and Political Rights, bls. 412.

stjórnvalda til að grípa til sérstakra aðgerða til að sporna við útbreiðslu kynþáttahatus og kynþáttafordóma. Í refsímálum fyrir dómstólum í Evrópuríkjum vegna ummæla á opinberum vettvangi, sem fela í sér kynþáttafordóma og útlendingahatur, hefur því verið vísað sérstaklega til 4. gr. samningsins til stuðnings því að nauðsynlegt sé að takmarka tjáningarfrelsi á þessu sviði, auk almennra sjónarmiða um takmarkanir á tjáningarfrelsinu. Á hinn bóginn hafa vandkvæði aukist á því að draga til refsíabyrgðar þá sem standa fyrir útbreiðslu kynþáttahatus með nýjum tjáningarmiðlum, einkum með tilkomu Internetsins. Á tiltölulega stuttum tíma hefur fjölgað gífurlega heimasíðum einstaklinga og félagsamtaka í heiminum sem hafa það markmið að hvetja til kynþátta- og útlendingahatus. Á það sama við um útbreiðslu kynþáttafordóma og annað ólöglegt efni, sem dreift er á Internetinu, að erfitt reynist að ná til þeirra sem standa að baki slíkri dreifingu.¹⁸

3.3. Nýlegar aðgerðir á vettvangi Evrópusambandsins

Um þessar mundir er unnið að því á vettvangi Evrópusambandsins að samþykkt verði rammaákvörðun um baráttu gegn kynþáttafordómum og útlendingahatri, og er tillaga framkvæmdastjórnarinnar þessa efnis nú til meðferðar innan sambandsins. Með ákvörðuninni er stefnt að því að leggja þá afdráttarlausu skyldu á aðildarríki sambandsins að lýsa útbreiðslu kynþáttafordóma og útlendingahatus sem refsiverðum verknaði í landslögum, samræma skilgreiningar ríkja á brotunum svo og viðurlög við þeim. Kveðið er á um skyldu aðildarríkja til að setja reglur til þess að unnt verði að leggja refsíabyrgð á lögáðila vegna brota sem lýst er í tillögunni. Í tillögunni eru settar fram skilgreiningar á hugtökunum kynþáttafordómum og útlendingahatri (*racism and xenophobia*) og brotum sem framin eru af þessum hvötum og falla undir gildisvið ákvörðunarinnar. Einnig stefnir ákvörðunin að því að unnt verði að framsetja menn milli ríkja á grundvelli slíkra brota og að komið verði á sérstakri samvinnu á milli stjórnvalda til að uppræta slík brot.

Í greinargerð með tillögunni að rammaákvörðun Evrópusambandsins er lýst margvíslegum aðgerðum sem gerðar hafa verið á vettvangi sambandsins til þess að stemma stigu við kynþáttafordómum og útlendingahatri. Þrátt fyrir það hefur fjölgað brotum sem byggja á slíkum hvötum, og er þá bæði átt við brot sem felast í því að breiða opinberlega út kynþátta- og útlendingahatur og ofbeldisbrot gegn útlendingum og kynþáttahópum. Í greinargerðinni er vísað til samningsins um afnám alls kynþáttamisréttis sem undirstöðu alþjóðlegrar samvinnu um baráttu gegn kynþátta- og útlendingahatri og byggir tillagan á þeim markmiðum sem birtast í 4. gr. hans.¹⁹

18. María Luisa Fernández Esteban: The Internet: A New Horizon for Race Hatred, bls. 83.

19. Proposal for a Council Framework decision on combating racism and xenophobia frá 28. nóvember 2001. Skjal COM(2001) 664 final. Skjalið má nálgast út frá heimasíðu Evrópusambandsins www.europa.eu.int. Þess má geta að í gildi er sérstök tilskipun Evrópusambandsins frá 29. júní 2000 (Council Directive 2000/43/EC) um jafna meðferð og jafnan rétt manna án tillits til kynþátta eða þjóðlegs uppruna. Stefnir tilskipunin einkum að því að veita vernd fyrir mismunun á vinnuarkaði vegna þessara ástæðna. Sjá nánar Adam Tyson: The Negotiation of the European Community Directive on Racial Discrimination, bls. 199.

4. Breytingar á norrænni refsilöggjöf vegna aðildar að alþjóðasamningi um afnám alls kynþáttamisréttis

Samningurinn um afnám alls kynþáttamisréttis var fullgiltur af Íslands hálfu 13. mars 1967 og gekk hann í gildi 4. janúar 1969. Til þess að uppfylla skyldur samkvæmt 4. gr. samningsins þurfti að breyta refsilöggjöfinni og voru af því tilefni sett lög nr. 96/1973 sem bættu nýju ákvæði, 233. gr. a., við alm. hgl. nr. 19/1940. Er ákvæðið nú svohljóðandi:

Hver sem með háði, rógi, smánum, ógnun eða á annan hátt ræðst opinberlega á mann eða hóp manna vegna þjóðernis þeirra, lítarháttar, kynþátta, trúarbragða eða kynhneigðar sæti sektum eða fangelsi allt að 2 árum.

Upprunalega var aðeins vísað til hóps manna í ákvæðinu. Með lögum nr. 135/1996 var orðalaginu breytt í *mann eða hóp manna* til að kveða skýrar á um að refsiverndin væri einnig einstaklingsbundin, þ.e. næði einnig skýlaust til aðstæðna þar sem ráðist væri að einum manni sem tilheyrði slíkum hópi. Með sömu lögum var bætt við tilvísun til *kynhneigðar*.

Með frumvarpinu sem varð að lögum nr. 96/1973, fylgdi ítarleg greinargerð sem byggði á skýrslu hegningarlagnafndar um lagabreytingar sem nauðsynlegt væri að gera vegna aðildar Íslands að samningnum um afnám alls kynþáttamisréttis. Í greinargerðinni er vísað til sambærilegs starfs sérstakra lagnafnda á Norðurlöndum um lagabreytingar sem þyrfti að grípa til vegna aðildar að samningnum.²⁰

Það var sameiginleg niðurstaða norrænna nefnda um viðfangsefnið að breyta þyrfti refsilögum vegna a-liðar 4. gr. samningsins. Segir í greinargerð með frumvarpi að lögum nr. 96/1973 að ljóst væri að íslensk refsilög skorti almenn ákvæði um atlögur að hópi manna vegna kynþátta, trúarbragða, þjóðernis o.fl. svo og varðandi útbreiðslu þess konar ummæla. Væri því réttmætt og nauðsynlegt að fullnægja skilyrðum samningsins með því að lögfesta slík ákvæði, en til þeirra lægju að auki veigamikil rök í ríki sem vildi halda í heiðri og treysta almenn mannréttindi. Um bann við starfrækslu félaga sem stuðla að kynþáttamisrétti og refsiverðri þátttöku í þeim, sbr. b-lið 4. gr. samningsins, segir hins vegar í greinargerðinni að varlega verði að fara í að banna fyrirfram starfsemi félaga vegna ákvæða þágildandi 73. gr. stjórnarskrárinnar um vernd félaga-frelsis. Ljóst sé að félag sem hafi um hönd skipulagsbundna starfsemi af þessu tagi sé félag með *ólögmætum tilgangi* sem unnt væri að banna með stöð í 73. gr. stjórnarskrárinnar.²¹

Ákvæðið sem sett var í 233. gr. a. í alm. hgl. er efnislega sambærilegt ákvæðum sem bætt var við dönsk og norsk refsilög, sbr. lög nr. 288/1971, sem bættu 1. mgr. 266. gr. b. við dönsku hegningarlögin og lög nr. 34/1970, sem bættu 1. mgr. 135. gr. a. við norsku hegningarlögin. Fyrir lagabreytingarnar, sem

20 Alþt. 1973, A-deild, bls. 532.

21 Alþt. 1973, A-deild, bls. 533.

gerðar voru vegna aðildar að samningnum um afnám alls kynþáttamisréttis, var háttsemi sem getið er í a-lið 4. gr. samningsins að hluta til refsiverð samkvæmt dönskum og norskum lögum.²² Lítils háttar orðalagsmunur er á ákvæðunum. Þannig hefur norska ákvæðið rýmri verknáðarlýsingu en 233. gr. a., þar sem það tiltekur háttsemina að *breiða út* skoðanir sem fela í sér hatur og smáun gegn kynþáttum, en takmarkast ekki við að *ráðast opinberlega á* eins og 233. gr. a. áskilur. Í danska refsíákvæðinu er hins vegar rætt um að *setja fram opinberlega eða hafa ásetning til að breiða út ummæli*. Einnig er þar einvörðungu vísað til *hópa*, eins og upprunalega var í íslenska ákvæðinu. Hefur það verið túlkað svo að ummæli sem beinast að einstaklingum í þessum hópum falli utan gildissviðs ákvæðisins, en í þeim tilvikum verði refsáð samkvæmt almennum refsíákvæðum um meiðyrði. Þó geta ummæli í garð einstaklings fallið undir ákvæðið ef sýnt er að þau beinist í reynd að hópnum sem hann tilheyrir.²³ Loks er gerð krafa um að hópurinn sem ummælin beinast að sé nægilega afmarkaður. Því telst ekki refsivert samkvæmt ákvæðinu ef ummælin beinast til dæmis að útlendingum eða innflytjendum í heild sinni án nánari tilgreiningar með vísan til kynþáttar, þjóðernis o.s.frv.²⁴

Eins og sjá má af samanburði norrænu refsíákvæðanna við a-lið 4. gr. samningsins er gildissvið þeirra um vernd hópa rýmra þar sem þau tilgreina einnig trúarbrögð og danska og íslenska refsíákvæðið tilgreina samkynhneigð. Í þessum ákvæðum var ekki gengið svo langt að gera refsiverða *alla útbreiðslu á hugmyndum sem byggðar eru á kynþáttayfirburðum eða óvild* eins og þó er kveðið skýrt á um í a-lið 4. gr. samningsins að aðildarríkjum beri að gera. Í skýrslu dönsku nefndarinnar sem undirbjó lagabreytingar vegna aðildar að samningnum segir að í samvinnu við laganeindir í Noregi og Svíþjóð um undirbúning lagabreytinga hafi komið fram að það samrýmdist ekki skoðunum Norðurlanda um vernd tjáningarfrelsis að gera refsiverða útbreiðslu hugmynda með þeim hætti sem samningurinn krefðist.²⁵ Einnig er sá fyrirvari gerður í dönsku skýrslunni að refsíákvæðinu sé ekki ætlað að ná til ummæla sem ekki teljast gróf (forhold af mindre grovhed holdes udenfor det strafbare område).²⁶

Af framangreindu má ráða að refsíákvæðum Norðurlandanna var frá upphafi ætlað að ganga eitthvað skemur en mælt er fyrir um í a-lið 4. gr. samnings um afnám alls kynþáttamisréttis hvað varðar útbreiðslu hugmynda sem byggðar eru á kynþáttayfirburðum.

22 Eldra ákvæði 266. gr. b. dönsku hegningarlögganna takmarkaðist fyrir breytingarnar við vernd vegna trúarbragða og ríkisborgaréttar. Með lögum nr. 309/1996 var 2. mgr. bætt við 266. gr. b. dönsku hegningarlögganna, en samkvæmt ákvæðinu telst það til refsíþyngingar ef háttsemin er liður í áróðursstarfsemi.

23 Pia Justesen: Dansk ret og racistske ytringer, bls. 20.

24 Pia Justesen: Dansk ret og racistske ytringer, bls. 26.

25 Betænkning nr. 553/1969, bls. 26.

26 Betænkning nr. 553/1969, bls. 34.

Í skýringum í frumvarpinu um 233. gr. a. var nánar vikið að gildissviði ákvæðisins og vísað til norrænna undirbúningsgagna um sama efni. Segir m.a. í greinargerðinni að undir ákvæðið falli bæði orð og annars konar viljatjáning, svo sem til dæmis myndir. Verknáður sé fólginur í því að hætta, rægja, smána eða ógna hópi manna vegna kynþáttar hans eða annarra atriða sem talin eru í ákvæðinu. Þar segir einnig: „Ljóst er að refsíákvæði frumvarpsins stemmir ekki stigu við að lýsa með fræðilegum hætti mismun kynþátta, fólki af mismunandi litarhætti o.fl.; og gegnir hinu sama um málefnislegar umræður, þótt ekki séu á fræðasviði.“²⁷

5. Dómar í refsímálum vegna tjáningar á kynþáttafordómum og kynþáttahatri

Málefni innflytjenda og útlendinga hafa ekki sett mark sitt á þjóðfélagsumræðuna hér á landi svo heitið geti nema lítillega á allra síðustu árum. Því kemur kannski ekki á óvart að ekki var ákært fyrir brot á 233. gr. a. fyrr en vorið 2001. Á hinum Norðurlöndunum, þar sem deilur hafa skapast um stefnu stjórnvalda í útlendingamálum og stjórnmalahreyfingar verið stofnaðar sem kynda undir kynþáttafordómum, hafa nokkur refsímál verið höfðuð vegna brota á samsvarandi refsíákvæðum.²⁸ Hér á eftir verða raktir í dæmaskyni tveir nýlegir dómar af þessu tagi, annars vegar frá Noregi og hins vegar frá Danmörku. Í báðum tilvikum var tekist á um það hvort svigrúm til þess að tjá sig opinberlega eða breiða út skoðanir sem lýsa trúarbragða- og kynþáttafordómum er rýmra á vettvangi stjórnmaláumræðu heldur en við aðrar aðstæður. Því næst verður lýst dómi Hæstaréttar frá 24. apríl 2002 í máli gegn varaformanni Félags íslenskra þjóðernissinna, þar sem sakfelldur var fyrir brot á 233. gr. a. alm. hgl.

5.1. Dómur Hæstaréttar Noregs frá 28. nóvember 1997 (mál nr. 14/1997)

Með dómi Hæstaréttar Noregs frá 28. nóvember 1997 var formaður flokks norskra þjóðernissinna sakfelldur fyrir brot á 135. gr. a. norsku hegningarlögganna vegna ummæla sinna.²⁹

Haustið 1995 dreifði stjórnmalaflokkur með heitinu Hvíta kosningabandalagið (Stöðvum innflytjendum/hjálpum útlendingum heim), m.a. til dagblaða, fjölriti með helstu stefnumálum sínum, sem fólust í því að stemma stigu við flutningi útlendinga til landsins og vernda norska kynstofninn. Í stefnuskrá flokksins voru ummæli sem miðuðu að því að stöðva ættleiðingar erlendra barna til landsins, einkum af öðrum kynþáttum og frá ólíkum menningarsamfélögum. Var því lýst að öll börn sem hefðu verið ættleidd til Noregs erlendis frá

27 Alpt. 1973, A-deild, bls. 534.

28 Frá gildistöku laga nr. 288/1971 í Danmörku til loka ársins 2000 má finna ellefu dóma prentaða í dómasafninu *Ugeskrift for Retsvæsen* þar sem um ræðir refsímál vegna brota á 266. gr. b. dönsku hegningarlögganna, sbr. einnig Pia Justesen: Dansk ret og racistske ytringer, bls. 19, en þar má finna tilvísanir til allra framangreindra dóma.

29 Nrt. 1997, bls. 1821.

mættu búa þar áfram með því skilyrði að þau yrðu gerð ófrjó til að koma í veg fyrir fjölgun þeirra. Það sama ætti við um útlendinga sem gífst hefðu Norðmönnum og sameiginleg börn þeirra. Ætti þungun sér stað þrátt fyrir þessar reglur skyldi fósturinu eytt. Formaður flokksins var ákærður fyrir að hafa brotið gegn fyrrgreindri 135. gr. a. með því að setja fram þessi ummæli í því samhengi sem birtist í stefnuskránni. Voru ummælin talin fela í sér ógnun, hatur og lítilsvirðingu gagnvart innflytjendum og ættleiddum börnum, einkum af öðrum kynþáttum og frá öðrum menningarsamfélögum.

Í málsvörninni var á því byggt að refsiskilyrði 135. gr. a væru ekki uppfyllt þar sem ummælin hefðu ekki beinst að neinum ákveðnum hópi útlendinga heldur væru almenns eðlis. Einnig var því haldið fram að þau væru hvorki ógnandi né lítilsvirðandi, þar sem í þeim fælist engin niðurlægjandi yfirlýsing um neikvæð einkenni útlendinga eða ákveðinna kynþátta. Megináhersla var þó lögð á að takmarkanir við því að löglegur stjórnmalaflokkur, sem starfaði í lýðræðisþjóðfélagi, kynnti stefnumál sín brytu gegn 10. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu. Slíkt bann við að flokkur tæki ákveðna afstöðu og kynnti stefnumál sín jafngilti því að banna starfsemi viðkomandi stjórnmalaflokks.

Hæstiréttur Noregs féllst ekki á að málflutningur þessi væri innan marka nauðsynlegrar stjórnmalalegrar umræðu sem nyti sérstakrar verndar tjáningarfrelsisákvæðis stjórnarskrárinnar og 10. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu. Við skýringu þessara ákvæða og refsíákvæðisins var ítarlega fjallað um 4. gr. samningsins um afnám alls kynþáttamisréttis og tengsl þess ákvæðis við 135. gr. a. norsku hegningarlögunna. Vísað var til undirbúningsgagna með lögum nr. 34/1970 sem bættu ákvæðinu við hegningarlögin og skýringa á því. Einnig var ítarlega fjallað um heimildir til takmörkunar tjáningarfrelsis sem leiða mætti af 2. mgr. 10. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu með hliðsjón af 17. gr. sáttmálans. Loks voru heimildir til takmörkunar á tjáningarfrelsinu skoðaðar í ljósi 100. gr. norsku stjórnarskrárinnar um prentfrelsi, einkum með hliðsjón af nýju ákvæði sem var bætt við norsku stjórnarskrána árið 1995, 110. gr. c., sem kveður á um að stofnunum ríkisins beri að virða og tryggja réttindi sem leiða má af alþjóðlegum mannréttindasamningum. Var því staðfestur dómur undirréttar og hlaut ákærði 60 daga skilorðsbundinn fangelsisdóm og sekt að fjárhæð 20.000 nkr.

5.2. Dómur Hæstaréttar Danmerkur frá 23. ágúst 2000 (mál nr. 445/1999)

Þann 23. ágúst árið 2000 gekk dómur Hæstaréttar Danmerkur í refsímáli gegn Mogens Glistrup, formanni danska Framfaraflokksins.³⁰ Var hann ákærður fyrir brot á 1. mgr. sbr. 2. mgr. 266. gr. b. hegningarlögunna vegna ummæla sem hann lét falla í beinni útsendingu í sjónvarpsþætti sem fjallaði um málefni innflytjenda. Þar lét hann ítrekað þau orð falla að múhameðstrúarmenn væru heimsins mestu glæpamenn. Allir sem hefðu kynnt sér þessi trúarbrögð áttuðu sig á því að múhameðstrúarmenn væru markvisst að ryðja dönsku þjóðinni út.

³⁰ U.2000.2234 H.

Það ætti að útrýma öllum múhameðstrúarmönnum í landinu, eða ættu barnabörn Dana á hættu að vera drepin af þeim. Ákæran laut að því að með þessum og fleiri ummælum af svipuðum toga hefði ákærði sýnt ógnandi, smánandi og niðurlægjandi háttsemi gagnvart mönnum af tilteknum trúarbrögðum.

Í málsvörn fyrir ákærða var einkum á því byggt að hann hefði um árabil haldið fram opinberlega skoðunum sínum gegn útlendingum í dönskum stjórnmalum og flokkur hans, Framfaraflokkurinn sem hann stofnaði árið 1972, hefði ávallt verið málsvari slíkra hugmynda. Vísað var til sambærilegra ummæla í garð múhameðstrúarmanna sem hann hefði látið falla á danska þinginu og í opinberum stjórnmalumræðum á árunum 1987 til 1990, sem hann hafði þó ekki verið ákærður fyrir. Í ljósi áralangs málflutnings hans gegn innflytjendum, þar sem mörg harkalegri ummæli hefðu fallið, einkum varðandi þá hættu sem stafaði af múhameðstrúarmönnum, skyti skökku við að taka upp á því að ákæra hann fyrir að lýsa þessum skoðunum sínum nú. Í málsvörninni var sérstök áhersla lögð á að þar sem um væri að ræða frelsi stjórnmalamanns til þess að ræða opinskátt um mikilvægt samfélagslegt málefni gæti slík skerðing ekki talist nauðsynleg í lýðræðisþjóðfélagi.

Niðurstaða dómsins var að ákærði hefði látið falla móðgandi og niðurlægjandi ummæli í garð tiltekins hóps í þjóðfélaginu, sem brytu gegn 1. mgr. 266. gr. b. í dönsku hegningarlögunum. Var sú niðurstaða fengin eftir að hafa krufið efni greinarinnar ítarlega í ljósi 4. gr. samningsins um afnám alls kynþáttamisréttis og markmiða samningsins að öðru leyti. Var einnig vísað til undirbúningsgagna með lögum sem breyttu 266. gr. b. í dönsku hegningarlögunum. Taldi dómurinn að hvorki væri um að ræða lítt gróft brot né fræðilega umræðu, sem félli utan gildissviðs ákvæðisins. Jafnvel þótt ákærði hefði áður tekið virkan þátt í opinberri stjórnmalumræðu þar sem hann lýsti skoðunum sínum um nauðsyn þess að stemma stígu við flutningi múslima til landsins, væru slík ummæli ekki refsiverð þegar þau takmörkuðust við þjóðfélagsleg áhrif af háttum bókstafstrúarmanna. Þótt refsivert væri að viðhafa smánandi og niðrandi ummæli þrengdi það ekki möguleika ákærða á að halda fram stjórnmalastefnu sinni. Tillit til aukins svigrúms fyrir tjáningarfrelsið á vettvangi stjórnmalumræðu gæti því ekki firrt ákærða refsíabýrgð með vísan til þess að umræðan hefði verið stjórnmalaleg. Var hann því talinn hafa brotið gegn 1. mgr. 266. gr. b. eins og það ákvæði var skýrt með hliðsjón af 10. og 17. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu. Hins vegar var hann sýknaður af broti gegn 2. mgr. ákvæðisins þar sem háttsemin taldist ekki liður í áróðursstarfsemi. Var refsingin ákveðin 7 daga skilorðsbundið fangelsi.³¹

5.3. Dómur Hæstaréttar Íslands frá 24. apríl 2002 (mál nr. 461/2001)

Hér að framan hefur verið fjallað um aðdraganda að setningu laga nr.

³¹ Sem dæmi um fleiri danska dóma í refsímálum vegna brota á 266. gr. b. dönsku hegningarlögunna má vísa til U.1989.399 H sem nánar verður fjallað um í tengslum við dóm Mannréttindadómstóls Evrópu í málinu *Jersild gegn Danmörku*. Einnig U 1980.465 Ø, U 1980.1065 V, U 1995.887 H og U 1999.296 V.

96/1973 sem bættu nýju ákvæði, 233. gr. a. í alm. hgl. nr. 19/1940. Ákært var í fyrsta skipti vegna brots á þessu refsíákvæði vorið 2001. Tílefni þess var opnuviðtal sem birtist í dagblaðinu DV 17. febrúar sama ár við varaformann Félags íslenskra þjóðernissinna, undir fyrirsögninni „Hvíta Ísland“. Í viðtalinu sem var slegið upp með forsiðumynd af viðmælandanum í helgarblaði DV birtust ummæli hans í garð fólks af svörtum kynþætti sem byggðust einkum á samanburði á Íslendingi og „afrikunegra“ eins og það var kallað í greininni. Lýsti hann þar ótvíræðum yfirburðum hvíta kynstofnsins. Ákveðin ummæli voru tekin út úr þessari blaðagrein sem grundvöllur ákæru. Voru ummælin á þá leið að það þyrfti engan snilling eða erfðafræðivísindamann til að sýna fram á muninn á Afríkunegra með prik í hendi og Íslendingi. Vestrænar þjóðir vorkenndu Afríkubúum mjög mikið, en þeir byggju þarna í gróðursælustu álfu heims og gætu framleitt sex sinnum meira af mat en þeir þyrftu ef þeir bara nenntu því. Íslendingar byggju á grjóthnullungi, hefðu ekkert nema fiskinn og klakann en hefðu það bara stórfínt á meðan Afríkubúar nenntu ekki að berja af sér flugurnar. Að öðru leyti var allt viðtalið helgað umfjöllun um Félag íslenskra þjóðernissinna og skoðunum sem það stæði fyrir, en markmið þess væri að stöðva innflutning á fólki af öðrum uppruna en evrópskum til landsins og vernda íslenska kynstofninn.

Því var haldið fram í málsvörn ákærða að ummæli þessi væru ekki þess eðlis að þau vörðuðu refsingu. Var vísað til dóma frá Norðurlöndum, þar með talinna þeirra sem raktir eru hér að framan, þar sem mun grófara orðfæri hefði verið notað. Loks var því lýst að skoðanir ákærða hefðu mótast af því að horfa á danska heimildarmynd sem sýnd hefði verið í ríkissjónvarpinu með heitinu „Heimsálfan sem svaf yfir sig“ og fjallaði hún um Afríku. Það gæti ekki verið refsivert að tjá sig um það sem menn sæju í sjónvarpinu, né heldur að nota orðið „negri“. Ákærði hefði tjáningarfrelsi og hefði ekki farið út fyrir þann rétt sinn. Vitað væri að hann væri í félagi þar sem þessar skoðanir væru hafðar uppi. Blaðamaðurinn hefði sett sig í samband við hann til að segja frá félagsskapnum og ákærði hefði einungis svarað spurningum hans.

Í rökstuðningi dóms Héraðsdóms Reykjavíkur frá 25. október 2001 var ekki fallist á þessi rök. Var 233. gr. a. alm. hgl. skýrð í ljósi 4. gr. samningsins um afnám alls kynþáttamisréttis svo og jafnræðisreglu 65. gr. stjórnarskrárinnar. Jafnvel þótt ákærði lýsti því yfir að hann drægi ályktanir sínar af fyrrgreindri heimildarmynd taldi dómurinn þá skýringu langsóttá þegar sú mynd var virt í heild sinni. Ummæli ákærða væru röng og niðrandi alhæfing. Hann stillti upp sem andstæðum svörtum lötum Afríkubúum og hraustum hvítum Íslendingum og léti að því liggja að um eðlislægan mun væri að ræða. Orð hans lýstu því kynþáttafordómum, þau væru háðsk og fávísleg í garð Afríkubúa og svartra kynþátta almenn. Þau voru því talin niðrandi og fælu í sér háð og róg í garð þessa hóps og féllu því undir 233. gr. a. alm. hgl. Yrði einnig að skoða þau í ljósi þess markmiðs félags ákærða að fólki með dökkan hörundslit yrði ekki leyfð búseta á Íslandi. Við mat á því hvort slík skerðing á tjáningarfrelsinu stæðist 73. gr. stjkskr. og 10. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu yrði að hafa í huga að því

væru settar skorður samkvæmt þessum ákvæðum meðal annars með tilliti til réttinda eða mannorðs annarra, enda teldust þær nauðsynlegar og samrýmdust lýðræðishefðum. Loks væri áréttað í 17. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu að ekkert ákvæði hans mætti túlka á þann veg að það heimilaði að öðrum réttindum sem hann verndar verði eytt. Því væri ekki hægt að réttlæta háttsemi sem bryti gegn löggjöf til að vernda einstaklinga og hópa fólks fyrir kynþáttafordómum og kynþáttahatri, með vísan til tjáningarfrelsis. Ákærði var því sakfelldur fyrir brot á 233. gr. a. alm. hgl. og dæmdur til greiðslu 30.000 króna sektar.

Ákærði áfrýjaði héraðsdóminum. Í rökstuðningi í dómi Hæstaréttar frá 24. apríl 2002 var vísað til þeirra hagsmuna sem vógust á við takmörkun tjáningarfrelsis ákærða, þ.e. réttar til að hafa og láta í ljósi skoðanir sínar samkvæmt 1. og 2. mgr. og réttar manna til þess að þurfa ekki að þola árásir vegna þjóðernis eða litarháttar, sem varinn væri af 233. gr. a. alm. hgl. Fallist var á það með héraðsdómi að ummæli ákærða væru örökstuddar alhæfingar, enda væru vandfundin rök fyrir yfirburðum á grundvelli kynþáttar. Enda þótt ekki yrði fullyrt hvort orðið „negri“ væri út af fyrir sig niðrandi, yrði þegar viðtalið væri lesið í heild sinni og ummæli ákærða virt í því samhengi, að telja að með þeim væri leitast við að upphesja hvíta menn á kostnað manna af öðrum litarhætti með háði, rógi og smánun, og félli háttsemin skýrlega að verknadarlýsingu 233. gr. a. alm. hgl. Lagaákvæðinu væri ætlað að koma í veg fyrir kynþáttamisrétti og kynþáttahatur og væri markmið þess því lögmætt og þær skorður sem það setti væru nauðsynlegar og samrýmdust lýðræðishefðum. Var því niðurstaða héraðsdóms um sakfellingu staðfest. Ummæli ákærða voru ekki talin léttvæg í því samhengi sem þau voru sett fram, en hafa bæri í huga að hann átti ekki frumkvæði að viðtalinu. Var fjárhæð sektarinnar hækkuð í 100.000 krónur.

5.4. Áhrif samhengis, eðlis og grófleika ummæla

Hér að framan hefur verið lýst þremur dómum sem fjalla um sakfellingu á grundvelli sambærilegra refsíákvæða á Norðurlöndum um bann við því að tjá opinberlega niðrandi eða hatursfullar skoðanir sínar um hóp manna á grundvelli litarháttar, kynþáttar, þjóðernis eða trúarbragða. Það er fróðlegt að bera saman aðstæður í málum þessum og þær röksemdir sem liggja niðurstöðum til grundvallar.

Segja má að ákveðinn styrkleikamunur hafi verið á þeim ummælum sem sakfelld var fyrir í málunum þremur. Má einnig benda á að refsing í málinu gegn varaformanni íslenskra þjóðernissinna var vægari en í hinum málunum tveimur, eða 100.000 króna sekt í stað skilorðsbundinnar fangelsisvistar í danska málinu og skilorðsbundinnar fangavistar og þyngri sektar í norska málinu. Háduleg og niðurlægjandi ummæli ákærða í dómi Hæstaréttar frá 24. apríl 2002 gengu vissulega ekki jafnlangt og í fyrrgreindum dómum Hæstaréttar Noregs og Danmerkur, en í síðarnefndu dómunum var hvatt til þess að ákveðnar

hópar fólks yrðu beinlínis afmáðir úr þjóðfélaginu með ofbeldisaðgerðum.³² Voru háðuleg og smánandi ummæli sem lýsa órókstuddum yfirburðum eins kynþáttar fram yfir annan hins vegar talin nægileg til þess að með þeim teljist vera *ráðist* á hóp fólks í skilningi 233. gr. a. alm. hgl. Það sem ræður þó væntanlega úrslitum í dómi Hæstaréttar líkt og vísað er til í hinum tveimur dómunum, eru ekki nákvæmlega ummælin sjálf, heldur það samhengi sem þau eru sett fram í. Er slík tilvísun til samhengis ummæla einnig í samræmi við framkvæmd Mannréttindadómstóls Evrópu sem hefur talið að heildarmat á ummælum og öllum atvikum geti ráðið úrslitum um það hvort takmarkanir á tjáningarfrelsinu teljast réttlætanager.³³ Í dómi Hæstaréttar er þannig sérstaklega vísað til þess samhengis ummæla að með þeim sé leitast við að upphesja hvíta menn á kostnað manna af öðrum litarhætti með háði, rögi og smán.

Í íslenska málinu virðist á hinn bóginn ekki hafa sérstaka þýðingu að mati dómans að ákærði hafi verið að kynna stefnu félagssamtaka sem byggir á hugmyndafræði sem felur í sér kynþáttafordóma eða hatúr í garð manna af svörtum kynþætti. Þess eru tæplega nokkur dæmi hér á landi að maður hafi stigið fram opinberlega með þessum hætti og endurspeglad svo afdráttarlaust fordómafullar skoðanir félagsstarfsemi í garð kynþátta. Því hefði ekki verið óeðlilegt að dómstólar brygðust hart við þegar tilhneiging birtist til að vekja eða kynda undir slíkri umræðu til að afla slíkum skoðunum fylgis og félagskapnum stuðnings.

Í refsímálinu gegn varaformanni Félags íslenskra þjóðernissinna komu ekki til álita með sama hætti og í hinum máluunum tveimur grundvallarspurningar um mörk stjórnmalalegrar umræðu og skerðingu á tjáningarfrelsi leiðtoga stjórnmalaflokka eða skerðingu á félagafrelsi. Í reynd komu takmarkaðar upplýsingar fram í málinu um það hvers kyns félagsskapur Félag íslenskra þjóðernissinna er. Ekki var sérstaklega á því byggt í málsvörninni að um ræddi takmarkanir á stjórnmalumræðu eða umræðu um mikilvæga þjóðfélagslega hagsmuni þar sem sterkari rök þyrftu að liggja til grundvallar takmörkun á tjáningarfrelsi. Af danska og norska dómnum má hins vegar draga nokkuð skýrar línur varðandi mörk stjórnmalalegrar umræðu á þessu sviði. Jafnvel þótt tekst sé á um stjórnmalastefnur og þjóðfélagslega hagsmuni þá eykur það ekki svigrúm fyrir fordómafullar skoðanir gegn hópi manna af ákveðnum kynþætti eða litarhætti.

Varnir í máli varaformanns Félags íslenskra þjóðernissinna voru einkum byggðar á því að um ræddi skoðanir um mismun kynþátta, sem byggðar væru

32 Af danskri dómaframkvæmd hefur verið ályktað að ummæli verði að vera af tilteknum styrkleika, þ.e. nægilega gróf, til þess að falla undir gildissvið 266. gr. b. Það á til dæmis við ef ummæli líta að því að líkja hópi manna af ákveðnum kynþætti eða þjóðerni við dýr, sjúkdóma eða stórglæpamenn. Ekki er víst að vægari ummæli gegn kynþáttahópum eða öðrum hópum falli ávallt undir ákvæðið, til dæmis óviðeigandi ummæli, ásakanir um misnotkun á félagslega kerfinu, svo og afneitun á helför gegn gyðingum. Sbr. Pia Justesen: Dansk ret og racistiske ytringer, bls. 32.

33 Hörður Einarsson: Tjáningarfrelsi og skoðanafrelsi, bls. 500.

á ályktunum af heimildarmynd um Afríku í sjónvarpinu. Ljóst er af dómnum að ekki var fallist á að í viðtalinu væri lýst með fræðilegum hætti mismun kynþátta, fólki af mismunandi litarhætti o.fl., eða í því fælust málefnalegar umræður, en slík umræða fellur ekki undir gildissvið 233. gr. a. alm. hgl., samkvæmt athugasemdum við ákvæðið, sem áður var lýst.³⁴

Í öllum framangreindum dómum voru refsíákvæðin skýrð í ljósi 4. gr. samningsins um afnám alls kynþáttamisréttis og þeirra markmiða sem samningurinn stefnir að. Er því ljóst að þetta ákvæði samningsins hefur verulega þýðingu við úrlausn um takmörkun tjáningarfrelsis þegar um ræðir tjáningu sem felur í sér kynþáttahatúr eða kynþáttafordóma.³⁵

6. Ábyrgð fjölmiðla á útbreiðslu hugmynda sem lýsa kynþáttafordómum

6.1. Sjónarmið um sérstöðu fjölmiðla varðandi tjáningarfrelsi og hlutverk þeirra í lýðræðisþjóðfélagi

Eins og áður hefur verið rakið er eitt mikilvægasta ákvæði samningsins um afnám alls kynþáttamisréttis í 4. gr. hans, en í a-lið er kveðið á um skyldur ríkja til þess að gera refsiverða með lögum alla útbreiðslu á hugmyndum sem eru byggðar á kynþáttayfirburðum eða óvild eða hvatningu til kynþáttamisréttis. Hafa sérstök refsíákvæði verið sett í löggjöf Norðurlanda, sem lýst var að framan, og annarra aðildarríkja samningsins til þess að framfylgja þessu samningsákvæði.

Þrátt fyrir þetta er ósvarað þeirri spurningu um hvernig ábyrgð þeirra er háttað sem stuðla að því að hinar óæskilegu skoðanir birtist opinberlega og er þá sérstaklega átt við ábyrgð fjölmiðla og blaðamanna í því sambandi. Getur það samrýmst markmiðum samningsins um afnám alls kynþáttamisréttis að refsivert sé að tjá tiltekna skoðanir sínar, en að sá sem birtir þær beri enga ábyrgð á þeim veigamikla þætti sínum í að koma þeim boðskap á framfæri? Í fyrrgreindu refsímáli á hendur varaformanni Félags íslenskra þjóðernissinna var ekki gefin út ákæra á hendur blaðamanni eða ábyrgðarmanni dagblaðsins, svo ekki reyndi á þetta álitaefni. Þó hlýtur slíkt álitaefni að vakna, einkum um þátt blaðamannsins sem útbjó viðtalið, ekki síst í ljósi þess að framsetning hinna refsiverðu ummæla átti sér langan aðdraganda í vinnslu viðtalsins. Birt var mynd af ákærða og uppsláttarfyrirsögn á forsíðu blaðsins auk opnugreinar með viðtalinu. Vakti viðtalið og þau ummæli sem þar birtust því enn meiri athygli en ella. Eins og ákærði bar við í refsímálinu átti blaðamaðurinn frumkvæðið að viðtalinu í þeim tilgangi að segja frá Félagi íslenskra þjóðernissinna og ákærði hefði

34 Alpt. 1973, A-deild, bls. 534.

35 Þess má geta að í Danmörku hefur stjórnskipuð nefnd nýlega skilað ítarlegri skýrslu um lögfestingu mannréttindasamninga á vegum Sameinuðu þjóðanna. Hún hefur lagt til að samningurinn um afnám alls kynþáttamisréttis verði lögfestur í Danmörku, til þess að hægt verði að byggja á ákvæðum hans beint fyrir dómstólum innanlands. Sbr. Betænkning nr. 1407/2001, bls. 243.

látið til leiðast, en einungis svarað þeim spurningum sem fyrir hann voru lagðar.

Í dómaframskýringu Mannréttindadómstóls Evrópu hefur ítrekað verið staðfest sú grundvallarregla að fjölmiðlar hafi sérstaklega mikilvægu hlutverki að gegna í lýðræðisþjóðfélagi. Hlutverk þeirra sé að miðla áfram upplýsingum og skoðunum á vettvangi stjórnmálaumræðu og um þjóðfélagslega hagsmuni.³⁶ Í ljósi þessa mikilvæga hlutverks fjölmiðla að endurvarpa skoðunum í hverju lýðræðisþjóðfélagi, hefur dómstóllinn litið svo á að það sé ekki aðeins skylda fjölmiðla heldur einnig réttur almennings að fá slíkar upplýsingar. Því þurfa sérstaklega ríkar ástæður að liggja til grundvallar því að skerða starfsemi þeirra þannig að slík skerðing geti talist nauðsynleg í lýðræðisþjóðfélagi.³⁷

Álitaefni um ábyrgð fjölmiðla á birtingu skoðana sem brjóta gegn friðhelgi einkalífs annarra koma einatt til skoðunar í tengslum við hörð og óvægin skoðanaskipti á vettvangi stjórnmálaumræðu. Eins og áður er lýst hefur verið fallist á að í slíkri umræðu verði menn að þola harkalegri ummæli sem geti beinst að persónu þeirra heldur en á öðrum vettvangi. Hins vegar er ljóst að ummæli sem hvetja til kynþáttahaturs eða fela í sér kynþáttafordóma eru komin út fyrir leyfileg mörk, jafnvel hins rýmkaða tjáningarfrelsis í stjórnmálaumræðu. Miðað við dómafordæmi sem rakin hafa verið hér að framan er unnt að refsa þeim sem lætur uppi slíka skoðun opinberlega. Eftir stendur þó að meta hvort vegur þyngra réttur og skylda fjölmiðla til þess að endurspegla þessar skoðanir eða réttur þeirra sem þær beinast gegn til þess að þær séu ekki birtar. Ljóst er að birting þess háttar fjölmiðlaefnis veldur óhjákvæmilega sársauka hjá þeim sem hin vanvirðandi ummæli beinast gegn. Þó getur vegið upp á móti þessu réttur almennings til þess að geta gert sér fulla grein fyrir því samfélagsvandamáli sem ofstækismenn skapa til að grípa megi til eðlilegra verndaraðgerða sem njóti stuðnings í þjóðfélaginu.³⁸

6.2. Dómur Mannréttindadómstóls Evrópu í máli Jersild gegn Danmörku

Mannréttindadómstóll Evrópu stóð frammi fyrir þessu vandmeðfarna úrlausnarefni í máli *Jersild gegn Danmörku*.³⁹ Sumarið 1985 sýndi danska sjónvarpið fréttaskýringapátt í þáttaröðinni *Søndagsavisen*. Í einum hluta þáttarins var fjallað um kynþáttaafstöðu ungs fólks, með viðtölum við unga ofstækis-

36 P. van Dijk og G.J.H. van Hoof: Theory and Practice of the European Convention on Human Rights, bls. 573. Sem dæmi um nokkra stefnumarkandi dóma Mannréttindadómstólsins á þessu sviði má benda á dóma í málunum *Barthold gegn Pýskalandi* frá 25. mars 1985, Series A 90, *Lingens gegn Austurríki* frá 8. júlí 1986, Series A 103, og *Observer og Guardian gegn Bretlandi* frá 26. nóvember 1991, Series A 216.

37 Dómstólar í aðildarríkjum MSE hafa einnig lagt sérstaka áherslu á þetta viðurkennda hlutverk fjölmiðla í þjóðfélagsumræðu og meira þurfi því til að koma til takmörkunar tjáningarfrelsis ef um ræðir starfsemi þeirra, sbr. t.d. H 1995/408. Sjá einnig Hörður Einarsson: Tjáningarfrelsi og fjölmiðlar, bls. 64.

38 Páll Sigurðsson: Fjölmiðlaréttur, bls. 100.

39 Dómur frá 23. september 1994, Series A 298.

menn gegn innflytjendum, sem höfðu stofnað með sér félagsskapinn „Grænstakkana“. Áður hafði vakið athygli umfjöllun í dönsku dagblaði um félagsskap þennan. Létu þrír viðmælendur fréttamannsins Jersild, sem hafði umsjón með þættinum, falla afar niðrandi og hatursfull ummæli um innflytjendur, einkum af svarta kynþættinum. Þeir lýstu meðal annars stuðningi sínum við þrælalald og líktu svörtum mönnum við apa. Þeir lýstu því jafnframt að „negrar“ og aðrir innflytjendur, s.s. frá Tyrklandi og Júgóslavíu væru ekki mannverur heldur dýr.

Voru viðmælendurnir sakfelldir fyrir brot á 266. gr. b. dönsku hegningarlaganna og jafnframt var fréttamaðurinn sakfelldur fyrir hlutdeild í brotinu. Við sakfellingu fréttamannsins fyrir dönskum dómstólum var refsíakvæðið einkum skýrt í ljósi þjóðréttarskuldbindinga samkvæmt títtnefndri 4. gr. samningsins um afnám alls kynþáttamisréttis, og á því byggt að með frumkvæði sínu að gerð þáttarins og þáttagerðinni sjálfri hefði hann með refsiverðum hætti stuðlað að útbreiðslu kynþáttafordóma. Taldi Hæstiréttur Danmerkur að fréttar- og upplýsingagildi þáttarins hefði ekki verið svo mikilvægt að það réttlætti útsendingu hinna lítilsvirðandi og meiðandi ummæla. Fréttamaðurinn hefði átt frumkvæði að því að undirbúa þáttinn íl sýningar og fyrirfram vitað um ummælin, hann hefði með klippingu viðtalsins hagað því þannig að þau næðu fram óhindruð.⁴⁰

Þessa niðurstöðu kærði fréttamaðurinn til Mannréttindanefndar Evrópu á þeim grundvelli að brotið hefði verið gegn tjáningarfrelsi hans samkvæmt 10. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu, og fór málið þaðan til Mannréttindadómstóls Evrópu. Í dómi hans er ítarlega rökstutt hverjar eru skyldur og ábyrgð fjölmiðla í lýðræðisþjóðfélagi og varð niðurstaðan ekki einróma. Meirihluti dómsins (12 dómara af 19) var þeirrar skoðunar að brotið hefði verið gegn 10. gr. sáttmálans. Í rökstuðningi meirihlutans var áhersla lögð á nauðsyn þess að berjast gegn kynþáttahatrí. Í því sambandi skipti miklu máli að líta til tilgangs og markmiðs samningsins um afnám alls kynþáttamisréttis, einkum til 4. gr. a-liðar um að ríki skuli gera refsiverða með lögum alla útbreiðslu á hugmyndum sem byggðar eru á kynþáttayfirburðum eða óvild. Því þyrfti að meta hvort sakfellingu kæranda mætti réttlæta með vísan til þjóðréttarlegra skyldna samkvæmt samningnum um afnám alls kynþáttamisréttis eða hvort þyngra vægi krafan um að takmarkanir þurfi að vera nauðsynlegar í lýðræðisþjóðfélagi, sbr. 2. mgr. 10. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu. Í niðurlagi 1. mgr. 4. gr. samningsins væri vísað til þess að aðgerðir sem lýst er í ákvæðinu skuli gerðar með tilliti til meginreglna mannréttindayfirlýsingarinnar og réttindanna sem talin eru í 5. gr. samningsins. Dómstóllinn taldi að það væri ekki hans hlutverk að túlka hvað slík tilvísun fæli í sér. Þó taldi hann að niðurstaða hans um túlkun 10. gr. Mannréttindasáttmálans samrýmdist þjóðréttarskyldum samkvæmt samningnum um afnám alls kynþáttamisréttis.

40 U 1989.399 H. Í sératkvæði eins dómara af fimm var þó talið að rétt væri að sýkna blaðamanninn þar sem þátturinn hefði það markmið að varpa ljósi á þjóðfélagslegt málefni.

Það hafði mikla þýðingu í máli þessu að kærandi hafði ekki sjálfur haft uppi af ásetningi nein refsiverð ummæli, heldur hefði hann aðstoðað við útbreiðslu ummæla vegna stöðu sinnar sem fréttamaður. Í ljósi hins mikilvæga hlutverks fjölmiðla að endurvarpa skoðunum í hverju lýðræðisþjóðfélagi væri það ekki aðeins skylda þeirra að miðla upplýsingum og hugmyndum, heldur ætti almenningur einnig rétt til að fá slíkar upplýsingar. Hafa þyrfti hliðsjón af tilgangi þessa fréttaskýringarþáttar sem var að varpa ljósi á bága þjóðfélagsstöðu þessa unga fólks, auk þess sem sjónvarpsefni, eins og umræddri þáttaröð, væri einkum beint að vel upplýstum sjónvarpsáhorfendum. Fréttamaðurinn hefði á engan hátt samsamað sig skoðunum viðmælenda sinna en komið með spurningar til mótvægis yfirlýsingum þeirra. Loks var lögð áhersla á að fréttaflutningur sem byggði á viðtölum, væri ein mikilvægasta aðferð fjölmiðla til að sinna hlutverki sínu sem „varðhundur almennings“ (*public watchdog*). Sakfelling fréttamanns vegna aðstoðar við að breiða út ummæli er tengdust umræðu um þjóðfélagslega hagsmuni stefndi þessu hlutverki í hættu og ætti ekki að koma til álitu nema sérstaklega ríkar ástæður lægju að baki. Með vísan til þessa var ekki talið sýnt fram á að takmörkun á tjáningarfrelsi fréttamannsins væri nauðsynleg í lýðræðisþjóðfélagi og refsíðmurinn braut því á rétti hans samkvæmt 10. gr. sáttmálans.

Sjö dómara í minnihluta voru annarrar skoðunar. Í álitu minnihlutans var lögð áhersla á þátt fréttamannsins við frágang viðtalsins, að með klippingu langs viðtals hefði hann tekið út til birtingar órfáar mínútur, væntanlega þær sem geymdu öfgafyllstu ummæli viðmælendanna. Ekki hefðu komið fram í þættinum nægilega skýr andsvör við þessum skoðunum. Þótt skylda til að refsa fréttamanninum yrði væntanlega ekki leidd af samningnum um afnám alls kynþáttamisréttis þá mætti álykta af samningnum að leggja mætti þá skyldu á fjölmiðla að taka skýra afstöðu gegn kynþáttahatri. Með vísan til þess að réttindi kynþáttaminnihluta gætu ekki talist léttvægari en réttur kærandans til þess að miðla upplýsingum, taldi minnihlutinn að takmarkanirnar gengju ekki of langt þannig að réttindi kæranda samkvæmt 10. gr. hefðu verið brotin.

Eftir að dómur Mannréttindadómstólsins gekk í máli Jersild gegn Danmörku hefur dómstóllinn ekki fengið sambærileg álitaeftir til úrlausnar. Hafa nokkuð skiptar skoðanir verið um þessa niðurstöðu en varasamt er þó að slá því föstu að réttur blaðamanna og fjölmiðla til þess að miðla efni sem felur í sér kynþáttahatur og fordóma sé takmarkalaus. Af dómnum má draga eftirfarandi ályktanir.

Í fyrsta lagi, að þrátt fyrir áskilnað í a-lið 4. gr. samningsins um afnám alls kynþáttamisréttis og um að aðildarríki skuli gera refsiverða alla útbreiðslu kynþáttafordóma, verður ákvæðið ekki túlkað svo að það útiloki rétt blaðamanna og fjölmiðla til þess að miðla áfram skoðunum sem byggja á kynþáttafordómum og kynþáttahatri. Er sú niðurstaða leidd af niðurlagsorðum í 1. mgr. 4. gr. samningsins sem kveður á um að við aðgerðir til að afnema kynþáttamisrétti skuli tekið tillit til mannréttindayfirlýsingarinnar og réttindanna sem talin eru í 5. gr. samningsins. Í lið (d)(viii) þeirrar greinar er fjallað um vernd skoðana- og

tjáningarfrelsis. Sem áður segir njóta þessi réttindi enn ríkari verndar þegar fjölmiðlar eiga í hlut.

Í öðru lagi má ætla að þótt réttur og skylda blaðamanna til þess að miðla slíkum skoðunum sé mjög rúmur vegna hins sérstaka hlutverks fjölmiðla að miðla skoðunum um þjóðfélagsleg málefni, sé hann ekki fortakslaus og hann megi takmarka ef sérstaklega ríkar ástæður liggja að baki. Þær ástæður eru ekki nánar tilgreindar, en úrslitum getur ráðið í hvaða samhengi skoðanirnar eru birtar. Líta verður til þess hvort verið er að endurspegla á hlutlausan hátt skoðanir sem uppi eru í þjóðfélaginu og jafnframt að veitt séu andsvör við þeim samhliða birtingu þeirra, a.m.k. að ekki sé tekið undir þær. Í þessum dómi, sem fyrri dómum Mannréttindadómstólsins um tjáningarfrelsi og fjölmiðla, metur dómstóllinn mál í heild sinni út frá því samhengi sem ummæli birtast í og hvort verið er að efna til umræðna í þjóðfélaginu um þýðingarmikil málefni.

Loks hlýtur að mega álykta af þessari niðurstöðu að þótt friðhelgi einkalífs þess hóps manna, sem ráðist er á með smánandi eða hatursfullum ummælum án þess að hafa nokkuð til þess unnið, gangi framur rétti einstaklinga til að tjá slíkar skoðanir, þá geti slík friðhelgi vikið fyrir rétti og skyldu fjölmiðla til að miðla skoðunum í þjóðfélaginu.

7. Lokaorð

Í grein þessari hefur verið lýst röksemdum fyrir því að nauðsynlegt sé að takmarka tjáningarfrelsi manna til að lýsa yfir og breiða út skoðanir sem fela í sér kynþáttafordóma. Með a-lið 4. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um afnám alls kynþáttamisréttis var lögð sú skylda á samningsaðila til að gera refsiverðan opinberan málflutning sem felur í sér kynþáttafordóma og kynþáttahatur, svo og útbreiðslu hugmynda eða kenninga um yfirburði eins kynþáttar eða hóps manna af ákveðnum litarhætti fram yfir aðra. Þetta samningsákvæði lagði grunn að refsilöggjöf Norðurlandanna og fleiri ríkja á þessu sviði og er skerðing á tjáningarfrelsi við þessar aðstæður almennt talin réttlætast af friðhelgi einkalífs þess hóps manna sem fordómar beinast að.

Skuldbindingar ríkja til þess að vernda tjáningarfrelsið samkvæmt öðrum alþjóðlegum mannréttindasamningum, einkum 10. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu, skapa hins vegar mótvægi við hið fortakslausa orðalag 4. gr. kynþáttamisréttissamningsins. Þannig hefur til dæmis ekki verið fallist á að í 4. gr. felist bann við því að setja fram á fræðilegan og málefnalegan hátt skoðanir um mismun kynþátta. Ekki finnast þó dæmi um túlkun dómstóla aðildarríkja eða Mannréttindadómstóls Evrópu um það hversu langt verði gengið í fræðilegri eða málefnalegri umræðu um andlega eða líkamlega yfirburði eins kynþáttar fram yfir aðra. Á hinn bóginn hefur hið rúma tjáningarfrelsi, sem 10. gr. sáttmálans verndar að meginreglu á sviði stjórnmálalegrar umræðu, ekki verið talið eiga við ef í hlut eiga málsvarar stjórnmálahreyfinga eða stjórn-

málaskoðana sem byggja á kynþátta- eða útlendingahatri. Má álykta að við þessar aðstæður sé álitin mest hættu á að frjáls og óskert umræða grafi undan sjálfu lýðræðinu með því að stuðla að mismunun í þjóðfélaginu og öðrum brotum gegn minnihlutahópum. Takmarkanir á útbreiðslu kynþáttafordóma við þessar aðstæður réttlætast því ekki aðeins af réttindum hópsins sem þær beinast að, heldur ekki síður vegna allsherjarreglu til að stemma stigu við afbrotum og vegna almannahagsmuna af því að viðhalda lýðræðisskipulaginu.

Því hefur verið lýst að það samhengi sem ummælin eru sett fram í geti ráðið úrslitum um hvort réttlætanagerlegt sé að skerða tjáningarfrelsið. Ætla má að það yrði litið alvarlegri augum hjá Mannréttindadómstól Evrópu ef ummæli væru sett fram sem liður í áróðursstarfsemi félags eða stjórnmalaflokks sem stefnir að því að afla fleiri fylgjenda við fordómafullar skoðanir eða kynþáttahatur.

Loks er vert að benda á að skylda ríkja til að gera refsiverða „alla útbreiðslu á hugmyndum“, sem kveðið er á um í a-lið 4. gr. samningsins, hefur verið túlkuð með þrengjandi hætti miðað við hljóðan ákvæðisins. Má þar sérstaklega nefna þann greinarmun sem gerður er á því hvort maður lýsir kynþáttafordómum sínum opinberlega í fjölmiðlaviðtali eða hvort fjölmiðlar dreifa slíkum skoðunum í þjóðfélaginu án ásetnings til að kynda undir þeim. Í fyrra tilvikinu vegur friðhelgi einkalífs þess hóps manna sem fordómarnir beinast gegn þyngra en tjáningarfrelsi einstaklings. Í síðara tilvikinu getur hins vegar vegið þyngra réttur og skylda fjölmiðla til þess að endurspegla skoðanir í þjóðfélaginu og réttur almennings til þess að þekkja slíkar skoðanir. Þessi réttur fjölmiðils er þó bundinn við að hann taki ekki undir slíkar skoðanir en leiti mótvægis við þeim, þ.e. birti einnig andstæð sjónarmið.

Þrátt fyrir þessa hlutleysisskyldu fjölmiðla er að sjálfsgöðu ekki hægt að fullyrða um hver eru raunveruleg áhrif til skemmri eða lengri tíma af dreifingu fjölmiðla á kynþáttafordómum. Jafnvel þótt fjölmiðlar uppfylli þá skyldu sína að birta andstæð sjónarmið í því markmiði að kveða niður fordómama, er ekki hægt að útiloka að dreifingin leiði í reynd til þess að slíkum skoðunum vaxi fylgi. Gæti það sérstaklega átt við ef hinum andstæðu skoðunum er ekki gert jafnhátt undir höfði við birtingu eða þær eru ekki birtar samhliða hinum fordómafullu skoðunum. Umfjöllun um jafnræði manna og umburðarlyndi er ekki jafnlíkleg til að fá kynningu á forsíðu dagblaðs eða vekja jafn mikla athygli og hneykslandi eða hatursfullar yfirlýsingar ofstækismanna. Eftir stendur því að skaðinn er skeður gagnvart þeim hópi, sem fordómarnir beindust gegn, þegar friðhelgi einkalífs þeirra er látin víkja fyrir skyldu fjölmiðla til að endurspegla skoðanir og rétt almennings til að þekkja slíkar skoðanir og bregðast við þeim.

Bann við að breiða út kynþáttafordóma beinir sjónum að þeim fjöldamörgu hliðum sem eru á tjáningarfrelsinu og er nánast þverskurður af því margþætta hagsmunamati sem kemur til skoðunar þegar tjáningarfrelsið er skert. Í ljósi þeirrar þróunar sem orðið hefur í Evrópuríkjum að undanfögnu, þar sem fylgi stjórnmalahreyfinga sem byggja á kynþátta- og útlendingahatri fer vaxandi, má telja líklegt að tilhneiging aukist til þess að takmarka tjáningarfrelsi þegar slíkar

skoðanir eiga í hlut. Eru áætlanir Evrópuríkja um herta og samræmda refsilöggjöf á þessu sviði til vitnis um vilja þeirra til samstillts átaks til að berjast gegn kynþáttahatrí.

Heimildir:

- Alpt. 1994-1995, A-deild.
 Alpt. 1973, A-deild.
 Betænkning nr. 553/1969: Forbud mod racediskrimination.
 Betænkning nr. 1407/2001: Inkorporering af menneskeretskonventioner i dansk ret.
 Kevin Boyle og Anneliese Baldaccini: A Critical Evaluation of International Human Rights Approaches to Racism, bls. 135-191, í ritinu: Discrimination and Human Rights. The Case of Racism. Ritstj. Sandra Fredman. Oxford University Press 2001.
 Maria Luisa Fernández Esteban: The Internet: A New Horizon for Race Hatred, bls. 77-109, í ritinu: Discrimination and Human Rights. The Case of Racism. Ritstj. Sandra Fredman. Oxford University Press 2001.
 Gunnar G. Schram: Stjórnskipunarrettur, 2. útgáfa. Háskólaútgáfan, Reykjavík 1999.
 D.J. Harris, M.O'Boyle og C. Warbrick: Law of the European Convention on Human Rights. Butterworths, London 1995, 2. útgáfa. Clarendon Press, Oxford 1996.
 Hörður Einarsson: Tjáningarfrelsi og fjölmiðlar. Reykjavík 1997.
 Hörður Einarsson: Tjáningarfrelsi og skoðanafrelsi. Afmælisrit Davíðs Oddssonar, bls. 485-503. Bókafélagið, Reykjavík, 17. janúar 1998.
 F.G.Jacobs og R.C.A.White: The European Convention on Human Rights, 2. útgáfa. Clarendon Press, Oxford 1996.
 S. Joseph, J. Schultz og M. Castan: The International Covenant on Civil and Political Rights. Cases, Materials and Commentary. Oxford University Press 2000.
 Pia Justesen: Dansk ret og racistiske ytringer. Mennesker og Rettigheder. Nordic Journal for Human Rights. Nr. 3 2001, bls. 18-34.
 D. McGoldrick: The Human Rights Committee. Its Role in the Development of the International Covenant on Civil and Political Rights. Clarendon Press, Oxford 1994.
 A. Mowbray: Cases and Materials on the European Convention on Human Rights. Butterworths, London 2001.
 Páll Sigurðsson: Fjölmiðlaréttur. Meginþættir réttarumhverfis fjölmiðla. Háskólaútgáfan, 1997.
 L.A. Rehof og T. Trier: Menneskeret. Jurist- og Økonomforbundets Forlag, Kaupmannahöfn 1990.
 A.H. Robertsson og J.G. Merrills: Human Rights in the World. An introduction to the study of the international protection of human rights. Manchester University Press 1996.
 P. van Dijk og G.J.H. van Hoof: Theory and Practice of the European Convention on Human Rights. Kluwer Law International, Haag 1998.
 Adam Tyson: The Negotiation of the European Community Directive on Racial Discrimination. European Journal of Migration and Law. 3. hefti 2001, bls. 199-2001.

Samþykktir alþjóðlegra stofnana og nefnda:

- Ályktun ráðherraráðs Evrópuráðsins nr. (68) 30 frá 31. október 1968: Measures to be taken against incitement to racial, national and religious hatred.
 Álit mannréttindanevndarinnar (General Comment 11) frá 29. júlí 1983. Birt á heimasíðu Mannréttindafulltrúa SP, www.unhcr.ch/tbs/doc.nsf.
 Álit nefndar um afnám kynþáttamísréttis nr. 7 frá 23. ágúst 1985: Legislation to eradicate racial discrimination (Art.4). Birt á heimasíðu Mannréttindafulltrúa SP www.unhcr.ch/tbs/doc.nsf.
 Álit nefndar um afnám kynþáttamísréttis nr. 15 frá 23. mars 1993: Organized violence based on ethnic origin (Art.4). Birt á heimasíðu Mannréttindafulltrúa SP, www.unhcr.ch/tbs/doc.nsf.
 Lokaathugasemdir nefndar um afnám kynþáttamísréttis um úttekt á 15. og 16. skýrslu Íslands frá 27. apríl 2001. Birt í íslenskri þýðingu á heimasíðu dómsmálaráðuneytisins, www.doms-malaraduneyti.is, og í skjali CERD/C/304/Add.111 á heimasíðu Mannréttindafulltrúa SP, www.unhcr.ch.

Tilskipun Evrópusambandsins nr. 2000/43/EC frá 29. júní 2000 um jafna meðferð manna án tillits til kynþáttar eða þjóðlegs uppruna.

Tillaga framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins frá 28. nóvember 2001: Proposal for a Council Framework decision on combating racism and xenophobia. COM(2001) 664 final. Birt á heimasíðu Evrópusambandsins, www.europa.eu.int.

Dómar sem vísað er til:

Hæstaréttardómar:

H 1977/375
H 1995/408
H 1997/3618
H 1999/781

Dómur Hæstaréttar frá 21. mars 2002 í máli nr. 306/2002.

Dómur Hæstaréttar frá 24. apríl 2002 í máli nr. 461/2001.

Dómar frá Norðurlöndum:

U 1980.465 Ø
U 1980.1065 V
U 1989.399
U 1995.887 H
U 1999.296 V
U. 2000.2234 H

Nrt. 1997, bls. 1821

Dómar Mannréttindadómstóls Evrópu:

Barthold gegn Þýskalandi frá 25. mars 1985, Series A 90.
Lingens gegn Austurríki frá 8. júlí 1986, Series A 103.
Barfod gegn Danmörku frá 22. febrúar 1989, Series A 149.
Oberschlick gegn Austurríki(1) frá 23. maí 1991, Series A 204.
Observer og Guardian gegn Bretlandi frá 26. nóvember 1991, Series A 216.
Porgeir Þorgeirson gegn Íslandi frá 25. júní 1992, Series A 239.
Jersild gegn Danmörku frá 23. september 1994, Series A 298.
Oberschlick gegn Austurríki(2) frá 1. júlí 1997, Reports 1997-IV.
Lehideux og Isorni gegn Frakklandi frá 23. september 1998, Reports 1998-III.
Unabhängige Initiative Informationvielfalt gegn Austurríki frá 26. febrúar 2002.

Álit Mannréttindanefndar Evrópu:

Glimmerveen og Hagenback gegn Hollandi, mál nr. 8406/78, DR 18, bls. 187.
Kühnen gegn Þýskalandi, mál nr. 12194/86, DR 56, bls. 205.

Álit Mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna:

Robert Faurisson gegn Frakklandi, mál nr. 550/1993.

Samlagshlutafélög



Grímur Sigurðsson,
lögfræðingur.

Efnisyfirlit

1. Inngangur
2. Saga samlagshlutafélaga
3. Lagaákvæði um samlagsfélög og samlagshlutafélög
 - 3.1. Lög um einkahlutafélög nr. 138/1994
 - 3.2. Önnur lagaákvæði
4. Samanburður á samlagsfélögum, samlagshlutafélögum og öðrum félagaförum
 - 4.1. Sameignarfélög
 - 4.2. Hlutafélög og einkahlutafélög
 - 4.3. Samlagsfélög
 - 4.4. Samlagshlutafélög
5. Helstu kostir og notkunarmöguleikar samlagshlutafélaga
6. Skattaleg meðferð samlagshlutafélaga
 - 6.1. Álit embættis ríkisskattstjóra
 - 6.2. Rök gegn sjálfstæðri skattskyldu samlagshlutafélaga
 - 6.3. Lög nr. 133/2001 frá 12. desember 2001 um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt o.fl.
7. Er unnt að skrá hluti í samlagshlutafélagi opinberri skráningu?
8. Slit samlagshlutafélaga
 - 8.1. Frjáls og þvinguð félagsslit
 - 8.2. Þarf að krefjast gjaldþrotaskipta ábyrgðarmanns áður en samlagshlutafélag er tekið til gjaldþrotaskipta?
9. Tillögur að úrbótum á íslenskum rétti

Heimildaskrá

Grein þessi er lítillaga stytt útgáfa samnefndrar skýrslu, sem höfundur vann í samvinnu við Áslaugu Þjörgvinsdóttur, lektor. Skýrslan hlaut tilnefningu til nýsköpunarverðlauna forseta Íslands árið 2001.